

194 12. des. skal verðlag á rafmagni samkvæmt gjaldskránni gilda um notkun á rafmagni eftir aflestur rafmagnsmæla um mánaðamótin desember 1940—janúar 1941. Birtist gjaldskráin til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli, og fellur, jafnframt því, er hún kemur til framkvæmda, úr gildi gjaldskrá um sama efni, útgefin 1. nóv. 1937.

Félagsmálaráðuneytið, 12. desember 1940.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Vigfús Einarsson.

195
16. des.

SAMÞYKKT

um lokunartíma sölubúða í Borgarneshreppi.

1. gr.

Alla virka daga skulu sölubúðir í Borgarneshreppi eigi opnaðar fyrr en kl. 9 árdegis og lokað eigi síðar en kl. 7 síðdegis. Aðfangadagskvöld jóla, gamlaárskvöld, laugardag fyrir páska og laugardag fyrir hvítasunnu, skal þó öllum búðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla og gamlaárskvöld, skal heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 11 síðdegis

Á tímabilinu frá 15. júní til 15. september, skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 3 síðdegis.

2. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, frídag verzlunarmanna og 1. desember, mega engar sölubúðir vera opnar.

Ákvæði þetta nær ekki til lyfjabúða.

Enn fremur eru undanskildar ákvæði þessu búðir þær, sem eingöngu verzla með brauð og mjólk, þær mega vera opnar frá kl. 9 árdegis til kl. 1 e. h., áður greinda daga.

3. gr.

Eftir lokunartíma er óheimilt að selja í lyfjabúðum, á götum og torgum eða annars staðar utan sölubúða, nokkurn þann varning, er ekki má selja án verzlunaleyfis. Heimilt er þó að selja á þeim tíma kol, salt, veiðarfæri og skipsforða handa skipum, svo og lyf eftir lyfseðlum lækna.

4. gr.

Menn, sem eru komnir inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

5. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum frá 20—500 krónum og renna sektirnar í hreppssjóð Borgarneshrepps. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Borgarneshrepps hefir gert samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 16. desember 1940.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.